

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 98/1976 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

**1. gr.**

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, er verði 4. gr. VIII. og orðist svo:

VIII. Félagshjúkrun:

Eitt ár nám í félagshjúkrun.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, sbr. lög nr. 32/1975, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur

**Einstakt skipti:**

Fullorðnir .....	kr. 7.00
Börn .....	— 3.00
<b>Forsölumiðar:</b>	
Fullorðnir (10 miðar) .....	— 45.00
Börn (10 miðar) .....	— 15.00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	— 5.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 256 16. apríl 1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1981.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa nr. 131/1971.

**1. gr.**

10. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með, er lögreglustjóra heimilt, að fenginni umsögn Eiturefnaneftndar, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerða og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. mgr. 3. gr.).

Leyfi þessi skal veita bréflega og senda Eiturefnanefnd afrit.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.*

Svavar Gestsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 17 20. janúar 1981, um sérstakt línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá kl. 18.00 8. maí 1981, er felld úr gildi reglugerð nr. 17 20. janúar 1981, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum fyrir Austurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 192 6. apríl 1981, um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1981.*

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

*Þórður Eyþórsson.*